



Bjarkarhlíð

fyrir þolendur **mansals**

Ráðgjöf - Stuðningur - Fræðsla

Bjarkarhlíð býður ráðgjöf og fræðslu fyrir polendur mansals, samhæfingu mansalsmála og fræðslu fyrir starfsfólk.

- Veitir samhæfða þjónustu samstarfsaðila á einum stað
- Veitir fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar mansals
- Veitir upplýsingar um réttindi polenda mansals
- Veitir samstarfsaðilum og framlínustarfsfólki fræðslu og ráðgjöf.
- Veitir polendum mansals stuðning og ráðgjöf auk þess að samhæfa aðgerðir viðeigandi þjónustuaðila



Markmið Bjarkarhlíðar

- Að veita polendum mansals áfallamiðaða þjónustu
- Að mæta polendum mansals þar sem þeir eru staddir hverju sinni
- Að virkja samhæft viðbragð við mansalsmálum
- Að vera sameiginlegur vettvangur fyrir fræðslu og umfjöllun um birtingarmyndir mansals.
- Að gefa skýr skilaboð um að mansal verði ekki liðið

Hvað get ég gert?

- Kynnt þér birtingarmyndir mansals
- Sýnt samfélagslega ábyrgð – Ef tilboð um þjónustu virðist of gott til að vera satt. - Ekki versla við þekkta gerendur mansals.- Ekki kaupa þér aðgang að líkama annarrar manneskju en stór hluti fólks í vændi eru polendur mansals eða í annarri viðkvæmri stöðu.
- Látið þig náungann varða
- Látið vita að þú líðir ekki mansal
- Stutt samtök og málefni sem vinna gegn mansali og hvatt aðra til að gera slíkt hið sama.

Hvað er mansal?

Mansal telst eiga sér stað þegar þrír þættir eru fyrir hendi: verknaður, aðferð og tilgangur.

Gerandi útvegur, flytur, hýsir eða tekur við einstaklingi og hagnýtir hann, til dæmis með kynferðislegri misnotkun, nauðungarvinnu, nauðungarhjónabandi, þrældómi eða annars konar ánauð.

Gerandi nýtir sér á einhvern hátt yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Tilgangur er til dæmis hagnýting eða misnotkun sem byggir á blekkingu, nauðung, hótunum, ofbeldi eða misnotkun á yfirburðastöðu gagnvart þolanda, sem er í veikri félagslegri, fjárhagslegri eða líkamlegri stöðu.

Hagnýting þarf ekki að vera fjárhagsleg til þess að ofbeldið teljist vera mansal og flutningur þarf ekki að vera yfir landamæri.

Dæmi:

Verknaður: atvinna veitt, húsnæði stendur til boða, aðstoð við að flytja á milli landa osfrv.

Aðferð: falskar atvinnuauglýsingar eða gylliboð um vinnu og húsnæði sem svo stenst ekki eða er ekki í samræmi við raunveruleikann.

Kærast/a/u-aðferðin þar sem manneskja er blekk í ástarsamband í þeim tilgangi að hagnýta hana. Ofbeldi er beitt eða hótunum sem eru algengar aðferðir.

Tilgangur: hagnýting eða misnotkun þar sem gerandi hagnast eða nýtur góðs af þjáningu og/eða vinnu annarra. Brotaboli vinnur til dæmis langa vinnudaga á lágmarkslaunum. Laun fara oft upp í skuld (brotaboli fær ekki útborgað eða þarf að leggja launin aftur inn á vinnuveitanda). Vændismansal þar sem þriðji aðili hagnast, kynferðisleg ánauð, þvingaður þjófnaður þar sem ágóði fer til geranda.

Birtingarmyndir

Til dæmis: Vændismansal, nauðungarhjónaband, kynferðisleg ánauð, vinnumansal, ánauð á heimili, þvinguð afbrot og líffæraflutningur.

Ofbeldi er beitt til að viðhalda mansali. Til dæmis: hótanir, ógnarstjórn, líkamlegt ofbeldi, þvingun til kynferðislegra athafna, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi, frelsissvipting ogsfrv.

Börn: ef börn eru beitt mansali þarf ekki að sýna fram á hvaða aðferð er nýtt, þá er verknaður og hagnýting nóg til að málið skilgreinist sem mansal.

Einkenni mansals

Mansal getur átt sér stað hvar sem er og hvenær sem er.

Að átta sig á og þekkja einkenni mansals getur verið fyrsta skrefið í þá átt að aðstoða fólk við að komast út úr aðstæðunum.

Einkenni mansals geta verið til dæmis að viðkomandi:

- Vinnur langa vinnudaga og alla daga vikunnar
- Þekkir ekki réttindi sín
- Er með sýnilega áverka eða sýnir ótta við yfirmann
- Talar hvorki íslensku né ensku
- Þekkir ekki heimilisfang sitt.
- Er ekið til og frá vinnu
- Aðrir tala fyrir hönd viðkomandi
- Öryggisbúnaði er ábótavant, til dæmis í byggingarvinnu.

en fólk í áhættuhópum er sérstaklega viðkvæmt fyrir misnotkun.

Áhættuhópar

eru til dæmis:

- Fólk sem býr við mikla fátækt
- Fólk af erlendum uppruna
- Fólk sem ekki talar íslensku eða ensku
- Fólk sem tilheyrir jaðarhópum, vegna fíknivanda, fötlunar eða annars.
- Fólk sem er undirokað í samfélaginu og þekkir ekki rétt sinn.




Bjarkarhlíð býður:

- Ráðgjöf, stuðning og fræðslu fyrir alla þolendur mansals, af öllum kynjum, 18 ára og eldri
- Samhæfða þjónustu undir einu þaki
- Einstaklingsviðtöl
- Félagslega ráðgjöf
- Ráðgjöf fyrir framlínustarfsfólk.
- Samhæfingu viðbragðs þjónustuveitenda



Öll þjónusta Bjarkarhlíðar er án endurgjalds. Fullur trúnaður ríkir á milli starfsfólks Bjarkarhlíðar og þjónustuþega.



Bjarkarhlíð við Bústaðaveg

Sími: 553 3000

bjarkarhlid@bjarkarhlid.is

www.bjarkarhlid.is

www.noona.is/bjarkarhlid

Samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar eru

